

Olúdreifing ehf
Hólmaslóð 8 - 10
101 Reykjavík

Akureyri, 9. október 2020
UST202003-198/G.S.Á.
08.06.02

Efni: Eftirlit 2020 - Olúdreifing - Seyðisfjörður - Reglubundið eftirlit þann 9.9.2020

Þann 9. september sl. fór fram eftirlit í olúbirgðastöð Olúdreifingar á Seyðisfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávík komu fram við eftirlit og engar ábendingar voru settar fram.

Virðingarfyllst

G. Stella Árnadóttir
Guðbjörg Stella Árnadóttir
Sérfræðingur

Gottskálk Friðgeirsson
Gottskálk Friðgeirsson

Afrit:
Heilbrigðisnefnd Austurlands

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Seyðisfirði



Dags eftirlits	9.9.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Olíudreifing	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis	Guðlaug Vala Smáradóttir	Staðsetning	733858,42 539323,093

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit og engin ábending var sett fram.

UMFANG EFTIRLITS

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Staða fráviks frá síðasta eftirliti
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Rekstrarhandbók
- Áætlanir og viðbrögð
- Skráning olúgeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á mælingar og skil skv. 4. kafla.

Farið var yfir skráningar á mánaðarblöð á fjarfundi með rekstraraðila þann 13. ágúst sl. og engin ábending gerð þar um. Rekstrarhandbók var ekki á staðnum við eftirlit en hún var aðgengileg í rafrænum grunni rekstraraðila fyrir allar stöðvarnar og telst það fullnægjandi. Áhættumat vegna tíðni eftirlits frá síðasta eftirliti var uppfært miðað við núverandi stöðu.

Þrír geymar eru í stöðinni og ein olúpró um þá alla. Geymir merktur 710.03.00 stendur tómur og er ekki í notkun. Olíuskiljan er þjónustuð reglulega en gera þarf mælingu á olíu í fráveituvatni skv. gr. 4.2 í starfsleyfi nú í ár. Loki stóð lokaður er eftirlit fór fram. Geymarnir hafa allir verið þykktarmældir á síðustu 10 árum en næstu mælingar eru á geymi merktum 710.03.00, árið 2023. Fjórar lagnir eru í stöðinni og voru þær allar þrýstiprófaðar árið 2017 og eru í lagi. Bensín er ekki geymt í stöðinni.

Engin mengunaróhöpp hafa orðið í stöðinni og engar kvartanir hafa borist til rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru í rekstrarhandbók og aðgengilegar í rafrænum gagnagrunni. Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir.

Gengið var um stöðina, þró og geymar skoðaðir. Girðing er um olúpróna og er hún heil og í lagi, hlið stendur læst þegar stöðin er ómönnuð. Stöðin var snyrtilega á að lífa og er umsjónarmaður er til staðar sem fylgist með daglega.

ÁBENDINGAR

Engin ábending var sett fram í eftirlitinu.

ANNAÐ

Olíudreifing ehf. hefur vottað umhverfisstjórnunarkerfi, nær vottunin til allra starfstöðva félagsins og gildir til 14. janúar 2023.


Starfsleyfið gildir til 31. janúar 2022 og minnt er á að sækja þarf um nýtt leyfi í tíma.

Reykjavík,

09.10.2020

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Guðbjörg Stella Arnadóttir